



**SIÐAREGLUR BIRGJA
HAGA OG DÓTTURFÉLAGA
FEBRÚAR 2024**

1. Inngangur

Hagar eru fjölskylda af fyrirtækjum sem starfa á íslenskum, dagvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Hagar leggja ríka áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í allri starfsemi sinni og vilja láta gott af sér leiða í sátt við umhverfi og samfélag. Siðareglum þessum er ætlað að stuðla að því að samstæðan og birgjar hennar verði í sameiningu hreyfiafl til góðra verka.

Siðareglur Haga ná til allra birgja samstæðunnar og er birgjum gert að tryggja framfylgd þeirra gagnvart aðfangakeðju sinni.

2. Umhverfi

Birgi leggi sig fram við að þekkja bein og óbein áhrif starfseminnar á umhverfið og draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er m.a. átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, óhóflegan ágang á auðlindir jarðar og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

3. Fólki

Birgi fylgi lögum, reglum og alþjóðlegum samningum um vernd mannréttinda. Hvers lags nauðungarvinna, barnaprælkun eða nútímaprælahald verður ekki liðin hvorki hjá birgja sjálfum né í aðfangakeðju hans.

Birgi tryggi starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og fari eftir lögum og reglum viðkomandi lands um aðbúnað og öryggi á vinnustað.

Birgi tryggi jöfn tækifæri starfsfólks og mismuni ekki á grundvelli kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis eða annarrar stöðu.

Birgi greiði starfsfólki sínu sanngjörn laun, sem nema í hið minnsta lágmarkslaunum samkvæmt lögum, reglum og/eða kjarasamningum viðkomandi lands.

Birgi styðji félagafrelsi og viðurkenni rétt til kjarasamninga.

4. Velferð dýra

Birgjar sem hafa atvinnu af framleiðslu dýraafurða eða sem meðhöndla með öðrum hætti dýr í starfsemi sinni skulu tryggja mannúðlega meðferð dýra og fylgja lögum og reglum um velferð dýra í hvívetna.

5. Stjórnarhættir

Birgi stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, viðhafi gott siðferði í viðskiptum og fylgi lögum og reglum í viðkomandi landi.

Þannig samþykkt 13. febrúar 2024

Framkvæmdastjórn Haga hf.